

Jón Einar Jónsson og Árni Ásgeirsson

Ekki færri en tuttugu þúsund kollur verpa í Breiðafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands tók til starfa haustið 2006 og verður það því brátt tíu ára. Starfssvæðið er Snæfellsnes og Breiðafjörður en Rannsóknasetrið er eitt sjö rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni. Strax í byrjun var ákveðið að rannsóknir á æðarfugli yrðu kjölfestuverkefnið sökum nálægðar við mörg æðarvörp í grennd við Stykkishólm.

Fyrsta æðarverkefnið var unnið í samstarfi við æðarbændur á landsvísu þegar árlegum hreiðurtalningum úr 40 æðarvörpum var safnað saman og stofnstærð æðarfugls reiknuð aftur í tímann. Telja má að ekki færri en 20 þúsund æðarkollur verpi á Breiðafirði og er þá nær eingöngu byggt á gögnum úr Vestur- og Suðureyjum fjarðarins.

Frá 2008 hefur verið samstarf við Smára Lúðvíksson, æðarbónda í Rífi. Smári hóf merkingar á æðarkollum árið 1993 og hefur síðan merkt nokkra tugi ár hvert. Rífskollurnar verpa þétt og hefur sambýlið ýmis áhrif. Sumarið 2008 reyndi Christine Chicoine að mæla áhrif af umferð og mannaferðum, en varð ekkert ágengt því Rífskollurnar högguduust ekki þótt hjá færur stór ökutæki eða mannaferðir af öllum gerðum. Síðan eru Rífskollurnar þekktar af því að sinna hreiðrum hver annarrar þegar eigandinn bregður sér af bæ. Koma þá aðrar kollur og lagfæra dún eða sitja á hreiðrinu stutta stund. Með hjálp myndavéla sáust allt að fjórar kollur sinna sama hreiðrinu á aðeins sex klukkustunda tímabili sumarið 2014.

Sumarið 2014 hófust tvö ný verkefni í eyjum í grennd við Stykkishólm.



Í samstarfi við Norsk Polarinstittutt tók rannsóknasetrið að sér merkingar. Merktar æðarkollur í Landey fengu dægurrita, en það er tæki sem fest er á fót fuglanna og ákvarðar staðsetningu út frá lengd sólarljóss. Með þessum upplýsingum fást gróflegar staðsetningar fuglanna t.a.m. yfir vetrartímann sem í dag er nokkur óvissuþáttur. Stefnt er að því að endurheimta dægurritana sumarið 2015.

Síðara verkefnið var unnið í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands þar sem metið var afrán á æðarfugli 2014 og 2015. Mat á afráni var framkvæmt með tveimur heimsóknum í fimm æðarvörp, snemma og seint á álegu. Til að fá betri upplýsingar um afrán var notast við hreiðurmyndavélar í Landey, þar sem æðarvarp er inni í stóru mávavarp. Myndir sýndu lítið afrán og að æðarkollurnar virtust ná að verja hreiður sín í þau fáu skipti sem mávar nálguðust.



Á einum stað þar sem æðarfugl hafði orpið í hreiðurskál hvítmávs var



einnig komið fyrir hreiður-myndavél svo hægt væri að fylgjast með afdrifum æðar-hreiðursins. Hvítmáfurinn sem missti hreiðrið sitt til æðarkollunnar byggði sér nýtt hreiður nánast samfast sínu gamla hreiðri. Æðarkollan fór nánast daglega af

hreiðrinu og leiddi síðan út unga sína án afskipta hvítmávsins.

Rannsóknasetrið mun næsta sumar hefja eitt af sínum umfangsmestu verkefnum frá stofnun setursins. Æðarkollur verða merktar í sex til sjö eyjum á sunnanverðum Breiðafirði í samstarfi við æðarbændur. Kollurnar verða merktar með litmerkjum með kóða og munu bera merki í ákveðnum lit eftir því í hvaða eyju þær eru merktar. Því biðlum við til æðarbænda að vera vakandi fyrir merktum æðarfuglum og koma til okkar ábendingum um merktar kollur. Öllum öðrum upplýsingum um æðarfugla, skráningar eða eldri gögn má koma til okkar í pósti eða símleiðis.



Jón Einar Jónsson (f. 1975) lauk BS-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands (HÍ) 1997, MS-prófi í líffræði frá HÍ 2000 og doktorsprófi í dýravistfræði frá Louisiana State University 2005. Hann hefur starfað við fuglarannsóknir við Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi, auk þess að kenna fuglafræði og dýrafræði við HÍ og Landbúnaðarháskóla Íslands, síðan 2007.



Árni Ásgeirsson (f. 1986) lauk BS-prófi í líffræði við Háskóla Íslands 2011. Hann hefur starfað við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi frá og með 2011 við rannsóknir á sjó-fuglum og andfuglum.